
Stefnuyfirlýsing
ríkisstjórnar
Framsóknarflokksins
og Sjálfstæðisflokksins

22. maí 2013

Stefnuyfirlýsing
ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks

Með myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefst ný sókn í þágu lands og þjóðar. Leiðarljós ríkisstjórnarinnar er bættur hagur heimilanna í landinu og efling atvinnulífs með aukinni verðmætasköpun í þágu almannahags.

Ríkisstjórnin mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnsmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið. Framfarir og bætt lífskjör á Íslandi hafa byggst á samvinnu og samheldni og til framtíðar munu Íslendingar halda áfram að leysa sameiginlega af hendi helstu verkefni þjóðfélagsins.

Með aðgerðum sínum hyggst ríkisstjórnin einnig eyða þeirri pólitísku óvissu sem hefur verið of áberandi þáttur í íslensku þjóðlífi á undanförunum árum. Unnið verður að víðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins um þróun vinnumarkaðar og uppbyggingu til framtíðar. Það er forsenda þess að Íslendingar geti hafið nýtt skeið vaxtar og stöðugleika að íslenskt efnahagslíf njóti að nýju trausts á innlendum sem erlendum vettvangi. Þannig verða undirstöður velferðar treystar og sköpuð skilyrði fyrir bættri afkomu heimilanna.

Samfélag er samvinnuverkefni þar sem öll störf skipta máli og haldast í hendur. Mikilvægt er að hlúð sé að þeim sem þurfa á aðstoð að halda og jafnframt að fólk fái notið árangurs erfiðis síns og hugkvæmni. Aldraðir skulu njóta öryggis og velferðar og öllum skal tryggð hlutdeild í þeirri verðmætasköpun sem Ísland og íslenska þjóðin getur af sér.

Með verkum sínum mun ríkisstjórnin gera landsmönnum kleift að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem þeir standa frammi fyrir, þjóðinni allri til heilla.

Unnið verður að því að tryggja jafnrétti allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og stöðu að öðru leyti, svo sem vegna búsetu, og að rækta með þjóðinni þær dyggðir sem best tryggja farsæld og jafnræði.

Bætt lýðheilsa og forvarnastarf verður meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar.

Ísland á að vera fjölskylduvænt land þar sem börn búa við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar. Stefna stjórnvalda skal stuðla að því að yngstu kynslóðirnar öðlist trú á framtíð lands og þjóðar og þá þekkingu og framfaraprá sem er grundvöllur hagsældar til framtíðar.

Íslensk þjóðmenning verður í hávegum höfð, að henni hlúð og hún eflid. Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innanlands sem utan.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á samfélagslegt mikilvægi frjálsra félagasamtaka og sjálfbodastarfs og mun greiða götu slíkrar starfsemi. Æskilegt er að stjórnvöld viðurkenni í auknum mæli í verki mikilvægi samtaka á borð við hjálparsvéitir, ungmennafélög, íþróttafélög, forvarna- og hjálpar samtök og önnur frjáls félagasamtök sem efla og bæta íslenskt samfélag.

Ríkisstjórnin mun vinna að því að Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Sú ímynd er auðlind í sjálfri sér. Unnið verður að því að styrkja þá ímynd og grundvöll hennar, að vernda íslenska náttúru og efla landgræðslu og skógrækt þar sem það á við.

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að fegra hið manngerða umhverfi, borgir og bæi. Sett verða lög um sérstök verndarsvæði í byggð í samræmi við það sem tíðkast víða í Evrópu og Norður-Ameríku. Markmiðið er að vernda sögulega byggð. Þannig verði framkvæmdir til þess fallnar að styrkja heildarmynd svæðis sem nýtur verndar til samræmis við upprunaleg einkenni þess og auka þannig á menningarlegan styrk þess og aðdráttarafl.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á aðgengi almennings að gögnum hins opinbera. Einkum er brýnt að auka og bæta aðgengi að upplýsingum um ráðstöfun almannaþjóf.

Lögð verður áhersla á þjónustuhlutverk ríkisstofnana enda skal starf stjórnvalda ætíð vera í þágu almennings.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á:

Heimilin

Heimilin eru undirstaða og drifkraftur þjóðfélagsins.

Ríkisstjórnin mun með markvissum aðgerðum taka á skuldavanda íslenskra heimila sem er til kominn vegna hinnar ófyrirsjáanlegu höfuðstólshækkunar verðtrygðra lána sem leiddi af hrúni fjármálakerfisins. Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbólguáhrifa á árunum 2007–2010 en í því augnamiði má beita bæði beinni niðurfærslu höfuðstóls og skattalegum aðgerðum. Um verður að ræða almenna aðgerð óháð lántökutíma með áherslu á jafnræði. Beita má fjárhæðartakmörkum vegna hæstu lána og setja önnur skilyrði til að tryggja jafnræði í framkvæmd og skilvirkni úrræða.

Í ljósi þess að verðtryggðar skuldir hækkuðu og eignaverð lækkaði, m.a. vegna áhrifa af gjaldþroti fjármálafyrirtækja og áhættusækni þeirra í aðdraganda hrunsins, er rétt að nýta svigrúm, sem að öllum líkindum myndast samhliða uppgjöri þrotabúanna, til að koma til móts við lántakendur og þá sem lögðu sparnað í heimili sín, rétt eins og neyðarlögin tryggðu að eignir þrotabúanna nýttust til að verja peningalegar eignir og endurreisa innlenda bankastarfsemi. Ríkisstjórnin heldur þeim möguleika opnum að stofna sérstakan leiðréttingarsjóð til að ná markmiðum sínum.

Æskilegt er að nýta það tækifæri sem gefst samhliða skuldaleiðréttingu til að breyta sem flestum verðtryggðum lánum í óverðtryggð. Lækkun höfuðstóls nýtist þá til að koma í veg fyrir að mánaðarleg greiðslubyrði aukist verulega, jafnvel þótt lán verði greidd hraðar niður. Þannig má einnig koma í veg fyrir þensluhvetjandi áhrif leiðréttingarinnar og styrkja grundvöll peningastefnunnar, en það er mikilvægur liður í afnámi hafta.

Sérfræðinefnd um afnám verðtryggingar af neytendalánum og endurskipulagningu húsnæðislánamarkaðarins verður skipuð á fyrstu dögum nýrrar ríkisstjórnar og mun skila af sér fyrir næstu áramót.

Unnið verður að því að dómsmál og önnur ágreiningsmál, sem varða skuldir einstaklinga og fyrirtækja, fái eins hraða meðferð og mögulegt er. Óvissu um stöðu lántakenda gagnvart lánastofnunum verður að linna.

Efnahagsmál

Ábyrg efnahagsstjórn er forsenda velferðar, öflugs heilbrigðis- og menntakerfis, löggæslu og annarrar grunnþjónustu. Agi og jafnvægi í ríkisfjármálum gegnir lykilhlutverki við að tryggja stöðugleika, lægri vexti og litla verðbólgu.

Krónan verður gjaldmiðill Íslendinga um fyrirsjáanlega framtíð. Renna þarf styrkari stöðum undir peningastefnuna með traustri hagstjórn sem tekur mið af aðstæðum og hagsveiflum.

Það er forgangsverkefni að yfirfara áætlun í ríkisfjármálum með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um stöðu efnahagsmála og að setja raunhæf markmið um heildarjöfnuð í ríkisfjármálum. Markvisst þarf að vinna að því að lækka skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að skapa skilyrði fyrir hagvöxt sem knúinn verður áfram af auknum útflutningi og bættri framleiðni hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Með aukinni framleiðni í opinberri þjónustu má nýta fé betur og styrkja þannig enn frekar grundvöll velferðarþjónustunnar.

Tekin verða upp bætt vinnubrögð við fjárlagagerð og horft til lengri tíma til að bregðast við stöðu ríkissjóðs og tryggja skynsamlega nýtingu á fjármagni. Áhersla verður lögð á fernt í því sambandi: Í fyrsta lagi þarf að gera aukinn greinarmun á innlendum útgjöldum og þeim sem renna úr landi, í öðru lagi að aðgreina fjárfestingu og útgjöld og í þriðja og fjórða lagi að meta annars vegar langtímaáhrif og hins vegar heildaráhrif fjárlaga.

Skipaður verður aðgerðahópur sem tekur til skoðunar ríkisútgjöld með það að markmiði að hagræða og forgangsraða og auka skilvirkni stofnana ríkisins.

Afnám hafta á fjármagnsflutninga

Eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar verður að vinna að afnámi fjármagnshafta en gjaldeyrishöftin bjaga eignaverð og draga úr samkeppnishæfi þjóðarinnar.

Greina þarf efnahagsstöðu íslenska þjóðarbúsins og útfæra áætlun um afnám hafta með hliðsjón af mikilvægi gjaldeyrisjöfnuðar fyrir land og þjóð. Sérstaklega þarf að tryggja trausta umgjörð um gjaldeyrismarkaðinn til framtíðar og sjá til þess að skuldaskil fallinna fjármálafyrirtækja ógni ekki efnahagslegum stöðugleika.

Skattaumhverfi

Skattar einstaklinga og fyrirtækja standa undir nauðsynlegri þjónustu við samfélagið allt. Með stöðugu og skynsamlegu skattkerfi er unnt að hvetja einstaklinga til að nýta starfskrafta sína og fyrirtækin til að færa út kvíarnar, fjölga störfum og fjárfesta.

Gerð verður úttekt á skattkerfinu og skattkerfisbreytingum undanfarinna ára og lagðar fram tillögur til úrbóta með það að markmiði að einfalda skattkerfið, breikka skattstofna, minnka tekjutengingar og draga úr undanskotum.

Með einföldun skattkerfisins og innleiðingu jákvæðra hvata verður rekstur fyrirtækja einfaldari og skilvirkari. Með lækkun skatta á tekjur, vörur og þjónustu má ná fram mikilvægum kjarabótum sem útfærðar verða nánar í samráði við aðila vinnumarkaðarins og með hliðsjón af öðrum efnahagsaðgerðum, svo sem afnámi gjaldeyrishafta.

Mikilvægt er að auka framleiðslu og fjölga störfum og í þeim tilgangi verða gerðar breytingar á skattaumhverfi fyrirtækja. Skattkerfið og rekstrarumhverfi fyrirtækja þarf að vera fyrirsjáanlegt svo þau eigi hægara um vik að gera áætlanir og sjái sér hag í að fjárfesta.

Ríkisstjórnin mun því leitast við að veita upplýsingar um hvernig skattar og það regluverk sem fyrirtæki starfa eftir muni þróast til framtíðar.

Á kjörtímabilinu verður tryggingagjald lækkað, lágmarksútsvar afnumið og tekjuskattskerfið tekið til endurskoðunar. Neysluskattar verða jafnaðir og einfaldaðir og vörugjöld endurskoðuð.

Atvinna og fjárfesting

Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Sérstök áhersla verður lögð á vöxt útflutningsgreina, nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, auk þess að tryggja jafnræði gagnvart lögum.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna

skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.

Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.

Unnið verður að því að jafna samkeppnisstöðu með því að vinna gegn kennitöluflakki, tryggja jafnræði vegna greiðslu opinberra gjalda, hindra að gjaldeyrishöft skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og koma í veg fyrir að fjármálastofnanir stjórni rekstrarfélögum til langs tíma.

Ferðaþjónusta

Langtímastefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi er nauðsynleg með tilliti til uppbyggingar innviða, markaðssetningar landsins og sköpunar verðmætra starfa í greininni.

Leitast verður við að nýta betur tækifæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og efla heilsárs ferðaþjónustu. Kannaðir verða möguleikar á gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna í náttúru Íslands og tryggja sjálfbærni.

Fallið verður frá áformum fyrri ríkisstjórnar um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu.

Sjávarútvegur

Ríkisstjórnin leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu í sjávarútvegi og vinnslu.

Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs má efla enn frekar, ekki síst með aðgerðum er snúa að bættri meðferð afla, fjölbreyttari úrvinnslu afurða og nýtingu svokallaðra aukaafurða.

Stuðlað verður að uppbyggingu sjávarklasans með því að tryggja greininni gott starfsumhverfi, innleiða jákvæða hvata í regluverk og ýta undir vöruþróun og markaðssókn. Ríkisstjórnin vill efla fræðslu og menntun í sjávarútvegi, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu og ekki síst til þess að takast á við ný verkefni samfara vöruþróun, nýsköpun og markaðs- og sölustarfi.

Haldið verður á lofti á alþjóðlegum vettvangi sjálfbærni veiðanna, hreinleika og gæðum afurðanna.

Mikilvægt er að skapa skilyrði til endurnýjunar skipastóls og búnaðar landvinnslu með aukna verðmætasköpun og hagsmuni og öryggi starfsfólks í huga. Fiskveiðistjórnunarkerfið verður yfirfarið, meðal annars með tilliti til hagkvæmni, öryggis og kjara sjómanna og umhverfisverndar. Stefnt er að því að auka sveigjanleika í nýtingarstefnu án þess að fórna ábyrgri stjórnun og nýtingu veiðistofna.

Grundvöllur fiskveiðistjórnunar verður aflamarkskerfi. Ríkisstjórnin vill efla sátt um framtíðarskipulag greinarinnar. Áfram verður unnið með tillögu sáttanefndar sem starfaði á

liðnu kjörtímabili um að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun. Samningarnir feli í sér rétt til endurnýjunar að uppfylltum skilyrðum sem samningarnir kveði á um.

Stuðst verður áfram við þau félagslegu, byggðalegu og atvinnulegu úrræði sem gildandi fiskveiðistjórnarlöggjöf kveður á um. Í samráði við sveitarstjórnir og samtök í sjávarútvegi verður fyrirkomulag þessa endurskoðað.

Lög um veiðigjald verða endurskoðuð. Almenn gjald skal endurspegla afkomu útgerðarinnar í heild en sérstakt gjald taka sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja.

Ríkisstjórnin mun í samráði við þá sem starfa í sjávarútvegi kanna kosti þess að koma á fót vettvangi sem hafi það verkefni að fræða, kynna og upplýsa um gæði og kosti íslensks sjávarútvegs. Horft verður m.a. til skipulags Norðmanna hvað þetta varðar. Leitað verður leiða til að auka samráð og upplýsingaskipti Hafrannsóknastofnunar, útgerðar og sjómanna.

Nýsköpun

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að auka framleiðni hér á landi og það er forsenda langtímahagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum.

Til að tryggja að fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfs nýtist sem best leggur ríkisstjórnin áherslu á að samhæfa rekstrargrunna og rekstrarumhverfi ríkisstofnana sem stunda rannsóknir og þróun.

Gera þarf breytingar á skattalöggjöf til að gera þeim sem vinna að rannsóknum kleift að standa jafnfætis erlendri samkeppni og samstarfi. Þannig geta háskólar, fyrirtæki og einstaklingar notið þess sem þeir afla á sambærilegan hátt og gerist annars staðar. Örva þarf samstarf og samlegð fyrirtækja til þess að vinna að stærri þróunarmálum einstakra greina, meðal annars með því að móta klasastefnu, bæta aðgengi sprotafyrirtækja að hlutafé og einfalda stuðningsumhverfið.

Landbúnaður

Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum. Ríkisstjórnin mun gera íslenskum landbúnaði kleift að nýta þau sóknarfæri sem greinin stendur frammi fyrir. Með það fyrir augum er brýnt að kanna með hvaða hætti er unnt að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins.

Til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir matvælum og hækkandi verðlagi verður skipaður starfshópur til að móta tillögur um hvernig auka megi matvælaframleiðslu á Íslandi og tryggja að ávinningur af aukinni eftirspurn og sókn á nýja markaði skili sér í bættum kjörum bænda. Starfshópurinn mun fara yfir alla lagaumgjörð landbúnaðar, vinnslu matvæla og nýtingar lands. Mótaðar verði tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum sem ráðast þarf í til að ná settum markmiðum. Nýsköpun, markaðs- og sölumál verða einnig endurskoðuð. Starfshópurinn mun leita samráðs við fulltrúa þeirra sem starfa í greininni.

Stefnt er að endurskoðun búvörusamninga með tilliti til fóður- og fæðuframleiðslu.

Sveitarfélög verði studd í ákvarðanatöku um hvaða svæði séu helguð landbúnaði og lagarammi um þá hagsmuni bættur.

Olía og gas

Ríkisstjórnin mun eins og kostur er stuðla að því að nýting hugsanlegra olíu- og gasauðlinda geti hafist sem fyrst, finnist þær í vinnanlegu magni. Í því skyni mun hún ráðast í undirbúningsvinnu vegna samgöngumála, slysavarna og björgunarstarfa, umhverfisverndar, innviða, samstarfs við nágrannalönd og regluverks, ásamt því að stofna sérstakt ríkisolíufélag.

Tilgangur félagsins verður að halda utan um leyfi til olíu- og gasvinnslu og leggja grunn að því að hugsanlegur ávinningur af vinnslunni nýtist samfélaginu öllu og til langs tíma. Með þessum ráðstöfunum má stuðla að aukinni þekkingu á sviði leitar og vinnslu á olíu og gasi hjá íslenskum fyrirtækjum og stjórnkerfinu. Slík þekking er verðmæt, hvort sem verður af vinnslu í íslenskri lögsögu eða ekki.

Velferðarmál

Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera samkeppnisfært við nágrannalönd um tækjakost, aðbúnað sjúklinga og aðstæður starfsmanna. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að landsmenn njóti aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Unnið verður að því að auka almenn lífsgæði landsmanna með því að efla starf á sviði forvarna og lýðheilsu. Þannig má einnig draga úr beinum og óbeinum kostnaði fyrir samfélagið allt til framtíðar. Jafnframt verður lögð áhersla á slysavarnir og fræðslu sem þeim tengist.

Mikilvægt er að efla heilsugæsluna og tryggja stöðu hennar sem fyrsta viðkomustaðar sjúklinga.

Kanna þarf til hlítar kosti þess að beita forskrift í auknum mæli sem aðferð til að úthluta fjármagni og leita allra leiða til að auka framleiðni um leið og hugað er að samfélagslegum þáttum. Haldið verður áfram að þróa og tengja saman rafræn sjúkragögn á landsvísu með hagsmuni, öryggi og gæði þjónustu við sjúklinga að leiðarljósi.

Ný lög um greiðsluþátttöku vegna lyfjakostnaðar þarf að taka til athugunar og virkja til fulls lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Húsakostur Landspítala er óviðunandi. Leggja þarf áherslu á viðhald og endurbætur á núverandi húsa- og tækjakosti stofnunarinnar þar til varanleg lausn fæst.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að landsmenn búi við öryggi í húsnaðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins og hafi raunverulegt val um búsetuform.

Mikilvægt er að stilla betur saman réttindi lífeyrisþega til greiðslna úr lífeyrissjóði annars vegar og almannatryggingakerfinu hins vegar. Þannig má skapa meiri sátt um samspil þessara tveggja kerfa.

Skerðingar á frítekjumarkni vegna atvinnutekna og fjármagnstekna aldraðra og öryrkja sem tóku gildi árið 2009 verða afturkallaðar.

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að aldraðir njóti jafnræðis og sanngirni í samfélaginu, og virkni þeirra sé tryggð. Stuðla þarf að sveigjanlegum starfslokum og lífeyristökualdri. Fyrirliggjandi áform um breytingar á almannatryggingum verða endurmetin.

Brýnt er að unnið verði að langtímastefnumótun heilbrigðiskerfisins svo tryggja megi betur hagkvæmni og stöðugleika innan kerfisins með eðlilegu samráði við fagfélög heilbrigðisstarfsfólks og aðra hagsmunaaðila. Þjónustustýring verður innleidd í áföngum.

Mennta- og menningarmál

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Fjölbreytileiki í skólastarfi er lykill að kraftmiklu og skapandi samfélagi. Áhersla verður lögð á samráð við hagsmunaaðila þegar ákvarðanir eru teknar á vettvangi ríkisins um skipulag náms og kennslu.

Auka þarf áherslu á nám í iðn-, verk-, tækni-, hönnunar- og listgreinum og efla tengsl þessara námsgreina við atvinnulífið. Komið verði á fót samstarfsvettvangi menntamálayfirvalda, kennara og hagsmunaaðila í atvinnulífi um framtíðarsýn og mótun menntastefnu í þessum greinum.

Ríkisstjórnin mun vinna gegn brottfalli úr námi, m.a. með styrkingu náms- og starfsfræðslu á grunn- og framhaldsskólastigi.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að taka upp samstarf við hagsmunaaðila í menntamálum um þróun menntakerfisins og aukin gæði menntunar. Horft verði til 10 punkta samkomulagsins frá 2006 um fyrirmynd samstarfsins. Með samstarfinu verði einnig leitað leiða til að stytta nám að háskólastigi og auka samfellu milli skólastiga.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á mikilvægi íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmála og samþættingu leiks og náms eftir því sem kostur er. Stuðla ber að því að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um ræðir íþróttir, listnám, listsköpun eða félagsstarf. Slíkt starf þroskar einstaklinginn og hefur mikið forvarnargildi.

Leitast verður við að auðvelda börnum og ungmönnum að fóta sig í bráð og lengd, meðal annars með því að leggja áherslu á félagsfærni, fjármálalæsi og aðgerðir gegn einelti í grunn- og framhaldsskólum.

Fylgt verður ákvæðum samnings um Aldarafmælisjóð Háskóla Íslands sem komið var á fót árið 2011 í víðtækri sátt.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styðja við skapandi greinar og vill að á Íslandi verði listnám aðgengilegt og viðurkennt. Gerð verði úttekt á starfsumhverfi skapandi greina með það að markmiði að þær eflist og sæki fram.

Tónlist njóti sömu hvetjandi ívilnana og kvikmyndagerð, þ.e. að hluti kostnaðar við tónlistarupptökur verði endurgreiddur.

Standa þarf vörð um íslenska tungu, efla rannsóknir á þróun tungumálsins og styrkja stöðu íslensks táknmáls.

Umhverfismál

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman. Hrein endurnýjanleg orka, landbúnaður í ómengaðri náttúru og sjálfbær sjávarútvegur fela í sér mikil markaðstækifæri sem geta lagt grunn að auknum útflutningi og sterkri ímynd landsins.

Mikilvægt er að beita hvetjandi aðgerðum í efnahagslífínu til að ýta undir græna starfsemi. Nýta ber vistvæna orkugjafa enn frekar við samgöngur. Hvatt verði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Brýnt er að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda, bæði með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með því að stórauka landgræðslu, skógrækt og aðra eflingu gróðurlenda. Náttúra landsins er ein helsta auðlind þess. Verndargildi á hverjum stað þarf að meta á faglegan hátt með víðtæku samstarfi þar sem stefnan er sett fram í náttúruverndaráætlun og með lögum um náttúruvernd. Almennaréttur til umgengni um landið, annað en ræktarland, þarf að vera ríkur.

Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða verður endurskoðuð á grundvelli niðurstaðna faghópa sérfræðinga sem verkefnisstjórn skipaði.

Byggðamál

Unnið verður að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana í samvinnu við sveitarfélögin. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsöröðun verkefna í héraði.

Lögð verður áhersla á jafnrétti til búsetu og að íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í þróðu nútímasamfélagi.

Ríkisstjórnin mun vinna að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða.

Reykjavíkurlflugvöllur er grundvallarþáttur í samgöngum landsins. Til þess að hann geti áfram gegnt því mikilvæga þjónustuhlutverki sem hann hefur gert gagnvart landinu öllu þarf að tryggja framtíðarstaðsetningu hans í nálægð við stjórnsýslu og aðra þjónustu.

Ljóst er að ákveðnar byggðir eiga við meiri erfiðleika að etja en aðrar. Gera þarf úttekt á þeim svæðum og móta tillögur um hvernig mæta má aðsteðjandi vanda.

Mikilvægt er að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa, uppbyggingu fjarskiptanets, stórauðinni ljósleiðaravæðingu og bættu raforkuöryggi.

Kanna þarf kosti þess að nýta aðferðir og reynslu Norðurlandþjóða við að treysta byggð, auka verðmætasköpun og fjárfestingu og fjölga störfum á landsbyggðinni meðal annars með skattalegum hvötum. Almennar byggðaaðgerðir efla ekki einungis dreifbýl svæði landsins heldur bæta einnig hag ríkissjóðs og þjóðarinnar allrar.

Unnið verður að jöfnun raforku- og húshitunarkostnaðar.

Jafnréttismál

Ríkisstjórnin mun vinna markvisst að því ná raunverulegu jafnrétti fyrir alla. Ríkisstjórnin mun endurmeta þær aðferðir sem notaðar hafa verið í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna með það að markmiði að bæta árangur á sviði jafnréttismála og vinna gegn launamuni kynjanna.

Fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga er grundvöllur jafnréttis. Huga þarf að fjárhagslegu sjálfstæði óháð hjúskaparstöðu, sér í lagi þegar kemur að skatta-, lífeyris- og örorkumálum.

Lögð verður áhersla á að jafna stöðu foreldra. Fjárhagslegir og félagslegir hagir umgengnisforeldra verði rannsakaðir með tilliti til þess hvort leiðréttá þurfi aðkomu þeirra að bóta- og skattkerfinu vegna þátttöku í uppeldi barna sinna.

Stjórnskipunarmál

Unnið verður áfram að endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins með breiða samstöðu og fagmennsku að leiðarljósi. Lögð verður áhersla á ákvæði um þjóðareign á auðlindum og um þjóðaratkvæðagreiðslur um lög Alþingis að frumkvæði verulegs hluta kjósenda. Í samræmi við núverandi stjórnskipun mun endurskoðun stjórnarskrárinnar fara fram undir umsjón og á ábyrgð Alþingis sem hafa mun vinnu undanfarinna ára til hliðsjónar. Áhersla verður lögð á gagnsæi og upplýsta umræðu með þátttöku almennings.

Innanríkismál

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla löggæsluna. Leiðarljós í því átaki verður niðurstaða nefndar um löggæslumál sem skilaði nýlega tillögum um forgangsröðun verkefna á næstu árum. Lögreglan mun fá auknar heimildir til skilvirkari aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfssemi.

Fundin verður framtíðarlausn varðandi þyrlukost Landhelgisgæslunnar, enda grundvallarþáttur í öryggi landsmanna.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á áframhaldandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins og frekara samráð við sveitarfélögin um flutning verkefna til þeirra.

Stefnt skal að því að millidómsstig verði tekið upp, bæði í einka- og sakamálum, og að hæstiréttur starfi í einni deild.

Stjórnsýslan

Ríkisstjórnin mun auka skilvirkni stjórnsýslunnar, m.a. með breytingum á skipulagi, samræmingu á stoðþjónustu, sameiningu stofnana og tilflutningi á milli sviða í samræmi við áherslur og forgangsmál.

Áhersla verður lögð á að bæta stjórnsýslu og þjónustu ríkisins, m.a. með auknu samstarfi ríkis og sveitarfélaga, rafrænni stjórnsýslu og hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum við íbúa.

Utanríkismál

Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar á alþjóðavettvangi. Það er grundvallaratriði í samskiptum þjóða að alþjóðalög séu virt og að þjóðir leysi deilumál með friðsamlegum hætti. Samstarf þjóða er mikilvægt til þess að takast á við þær ógnir sem þjóðir standa frammi fyrir þvert á landamæri og leikreglur alþjóðakerfisins.

Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ríkisstjórnin mun vinna að því að Ísland verði leiðandi afl á norðurslóðum og virkur þátttakandi í vestnorrænu starfi. Undirbúningur verður hafinn að nýtingu tækifæra sem skapast með opnun siglingaleiða um norðurslóðir og áhersla lögð á að verkefni þeim tengd verði vistuð héraendis.

Stefna Íslands í utanríkisviðskiptum mun taka mið af þeim öru breytingum sem eru að verða á efnahagskerfum heimsins. Möguleikar til að auka útflutning til svæða þar sem eftirspurn vex stórum skrefum á komandi árum verði kannaðir frekar og tengsl við viðkomandi svæði styrkt.

Áhersla verður lögð á gerð fleiri fríverslunarsamninga, bæði tvíhliða og á vettvangi EFTA. Leitað verður leiða til að fullnýta möguleika sem felast í þeim fríverslunarsamningum sem Ísland á þegar aðild að.

Lögð verður áhersla á þróunarsamvinnu og öfluga þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, einkanlega á vettvangi fjölþjóðastofnana sem sinna verkefnum tengdum skólum Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Enn fremur verður staðið að neyðar- og mannúðaraðstoð við bágstaddir þjóðir.

Laugarvatni 22. maí 2013

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Formaður Framsóknarflokksins

Bjarni Benediktsson
Formaður Sjálfstæðisflokksins

